

Fundargerð 25.01.2024

Mætt voru: Erla Sif Sveinsdóttir og Erla Erlendsdóttir fulltrúar foreldra, Vala Steinsdóttir grenndarfulltrúi, Ellý Erlingsdóttir og Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks, Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Einnig mættu á fundinn stjórn nemendafélags ásamt deildarstjóra tómstundastarfs Róberti Gíslasyni.

Dagskrá fundarins:

Skólapúlsinn – nemendakönnun.

Farið var yfir nemendakönnun skólans og skoðaðir einstaka matsþættir. Fram kemur að þrautseigja í námi og trú á eigin vinnubrögð hefur aukist meðal nemenda. Einnig koma þættir er lúta að líðan og heilsu vel út. Það á við um þætti eins og sjálfálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan. Hins vegar þarf að huga betur að þáttum er lúta að skóla- og bekkjaranda. Það á við um þætti eins og samband nemenda við kennara, aga í tímum og tíðni leiðsagnarmats.

Mat á skólastarfi og umbótaáætlun kynnt.

Starfsáætlun Setbergsskóla skólaárið 2023-2024 má finna á heimsíður skólans: <https://www.setbergsskoli.is/media/10.-bekkur-utskrift-2015/Starfsaaetlun-Setbergsskola-2023-2024.pdf>

Farið var yfir verkáætlun um innra mat skólans, þ.e. gagnasöfnun, matsumræða, matsákvæðanir og skýrslugerð. Þessi verkefni er unnin jafnt og þétt yfir skólaári.

Einnig var farið yfir þau umbótaverkefni sem unnið er að skólaárið 2023 – 2024 og stöðu þeirra.

Umbótaverkefnin eru:

- Leiðsagnarnám og vaxandi hugarfar
- Teymiskennsla
- Mat á kennslu og skipulagi
- Vinnustaðurinn
- Samskipti innan skóla, líðan nemenda, skóla- og bekkjarandi
- Samstarf heimilis og skóla

Skólaráð

Fundur með stjórn nemendafélags og deildarstjóra tómstundastarfs.

Nemendur fengu tækifæri til að koma hugmyndum sínum um betri aðstæður í skólanum á framfæri. Það helsta sem fram kom í máli þeirra var:

- Að setta verði upp vatnsvélar í unglingadeildinni.
- Að gera huggulegt fyrir framan myndmenntastofuna t.d. fleiri sæti.
- Að gera huggulegt fyrir framan Setrið.
- Að setja upp örbylgjuofna og grill fyrir framan myndmenntastofuna.
- Bakaríði á föstudögum gengur vel og þau eru ánægð með það.
- Vilja hafa tónlist í frímínútum.
- Netíð í spjöldin er ekki nægjanlega gott. Það á bæði við í kennslustofum og á opnum svæðum.
- Vilja hafa aðgang að spilum í frímínútum.

Önnur mál:

Símareglur í Setbergsskóla voru ræddar og hvort það stæði til að breyta þeim þ.e. að banna síma alveg í skólanum. Í skólanum hefur verið ákveðið að bíða eftir samræmdum reglum frá Hafnarfjarðarbæ.

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.